



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Skrifstofa AKÍS - 16.10.2018 kl. 18:00

**Mætt:**

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Ragnar Róbertsson (RR), Arnar Már Pálmarsson (AMP), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Torfi Arnarson (TA), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Þrándur Arnþórsson (ÞA)

**Fjarverandi:**

Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Garðar Gunnarsson (GG)

ÞA ritaði fundargerð.

---

**1. Tryggingar erlendra keppenda í NEZ torfæru**

Formanni og framkvæmdastjóra falið að svara bréfi frá Akstursíþróttafélaginu Start.

**2. Skráningar keppenda í klúbba**

Tveir keppendur sem voru ekki rétt skráðir í kerfi AKÍS verða settir í rétt félag samkvæmt lögum AKÍS.

**3. Formannafundur 10. nóv 2018**

Sérstakur vinnufundur verður haldinn um breytingar sem gera þarf fyrir næsta keppnistímabil á Keppnisreglum AKÍS.

- Vefkosning á akstursíþróttamanni og konu ársins byrjar 17.10.2018
- Tveimur vikum fyrir fund fer fyrra fundarboð út (27.10.2018)
- Tíu dögum fyrir fund þurfa mál sem taka á upp að vera komin fram (31.10.2018).
- Viku fyrir fund fer seinna fundarboð (3.11.2018).

**4. Samgönguáætlun 2019 til 5 ára**

Fram er komin tillaga til þingsályktunar (þingskjal 173, mál nr. 172) um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019–2023 frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Framkvæmdastjóra falið að fá fund með Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og óska eftir að AKÍS sé á lista umsagnaraðila um samgöngumál.

**5. Andlát: Úlfar Eysteinnsson**

Útför fer fram miðvikudaginn 24. október 2018 frá Hallgrímskirkju. Samþykkt að AKÍS votti Úlfari virðingu með fána á jarðarförinni.

**6. Íslandsmeistarar AKÍS 2018**

Farið var yfir lista Íslandsmeistara AKÍS 2018.

**7. Önnur mál**



**8. Næsti fundur**

Hangout 30. október 2018 kl. 18:00 á Hangouts